



Fundargerð

236. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Dags. fundar: 29.4.2014	Tími: 17.00-19.00	Nr. fundar: 236
Fundarboðari: KO	Fundarritari: HP	Staður: Fossháls 27

Viðstaddir: Sveinn Áki Sverrisson, (SÁS), Jón Guðmundsson (JG), Helgi Pétursson, (HP), Kristján Ottósson, (KO) og Guðmundur Páll Ólafsson (GPÓ).

Fjarverandi en boðaður: Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Birgir Hólm Ólafsson (BHÓ) og Gunnar Sigurðsson (GS)

Afrit sent: Fundarmönnum í tölvupósti

1. Fundur settur

Stjórnarfundur nr. 236 settur af formanni Sveini Áka Sverrissyni. (SÁS) leggur til að Helgi Pétursson (HP) verði fundarritari og var það samþykkt.

2. Stjórnin skiptir með sér verkum.

(SÁS) telur upp stjórnarmenn sem kosnir voru í stjórn á aðalfundi og gerir (SÁS) einnig tillögu um eftirfarandi verkskiptingu stjórnar:

Varaformaður:	Jón Guðmundsson	Mannvirkjastofnun
Ritari:	Kristján Oddur Sæbjörnsson	Lagnatækni
Gjaldkeri:	Birgir Hólm Ólafsson	Iðan

Var sú tillaga samþykkt einróma.

3. Fundargerð Stjórnar frá 11.2.2014

Engar athugasemdir gerðar við síðustu fundargerð.

4. Lagnakerfamiðstöð Íslands (LKÍ) bréf til Tækniskólans

Fyrir liggur uppkast að bréfi sem stílað er á Tækniskólann vegna þeirra stöðu sem upp er komin um málefni LKÍ. Í skoðun er að stjórn LAFÍ áriti bréfið. (SÁS) og (KO) fóru lauslega gegnum forsögu málsins frá því að LKÍ var afhent Tækniskólanum til afnota. Umræður urðu um málið. Niðurstaðan var að stjórn LAFÍ mundi umorða bréfið með áherslu á að Tækniskólinn finni hratt og vel lausn á því hvað verði um kennslutæki og húsnæði þar sem málið þyldi enga bið.

Þetta er mikið hagsmunamál fyrir LAFÍ. Gefendur tækja væru ekki sáttir við stöðuna eins og hún er og mikil verðmæti og vinna væri að fara í súginn. Finna þarf kennslutækjum stað og hyllir nú undir að Iðan taki til sín bróðurpartinn samkvæmt upplýsingum frá (BHÓ). LAFÍ styður það heilshugar en horfa verður til þeirra verðmæta sem í húsinu liggur. Þau verðmæti vill LAFÍ að fari til kennslu á þessu sviði þannig að upphaflegu markmiði með LKÍ nái fram að ganga eins vel og hægt er úr því sem komið er.

5. Skipan í fagráð

- Fagráð loftræsikerfa
- Fagráð stjórnkerfa
- Fagráð pípulagna

Farið yfir skipan í fagráðinn: Neðangreind tillaga var lögð fram af (SÁS) og var hún samþykkt.



Fagráð loftræstikerfa

Kjartan Mar Eiríksson byggingaverkfræðingur formaður og ritari	Verkís
Kristján Oddur Sæbjörnsson vélaverkfræðingur	Lagnatækni
Sigurgeir Þórarinnsson véltæknifræðingur	Mannvit
Karl Hákon Karlsson byggingatæknifræðingur	Blikksmiðurinn
Guðmundur Jónatansson blikksmíðameistari	Blikkás Funi
Gunnar Björn Guðbjörnsson blikksmíðameistari	Ísloft

Fagráð stjórnkerfa

Gunnar Sigurðsson rafvirkjameistari formaður og ritari	Blikksmiðurinn
Sigurgeir Þorleifsson rafmagnstæknifræðingur	Verkís
Sigurður G. Símonarson rafmagnsverkfræðingur	Mannvit
Sigurður Grímsson rafmagnstæknifræðingur	Efla
Kristján Nielsen rafvirki	Ísmar
Guðmundur Jóhannsson rafvirkjameistari	Rafloft

Fagráð pípulagna

Bergmundur Elvarsson byggingatæknifræðingur. formaður og ritari	Mannvit
Þorgeir Jóhannes Kjartansson véltæknifræðingur	VSB Verkfræðistofa
Stefán Hjalti Helgason byggingartæknifræðingur	Verkís
Hilmar Hjartarson pípulagningameistari	Sjálfstætt
Andrés Þ. Hinriksson pípulagningameistari	AH pípulagnir
Jóhannes G. Pétursson pípulagningameistari	Pípulagningaverktakar

6. Lofsvert lagnaverk 2013

Umræður urðu um „lofsvert Lagnaverk“ hvernig væri að vali staðið, hvort það væri orðið barn síns tíma, hugsanlega ofnotað o.s.v.frv. (SÁS) og (JG) var falið að skoða málið í samráði við viðurkenningarnefnd og koma með niðurstöðu af því á næsta stjórnarfund.

Viðurkenningarnefnd skipa: Þórður Búason, formaður, Hilmar Hjartarson pípul.m., Ólafur Bjarnason, blikksm., Kristján Nielsen rsvirki.

7. Hvað er framundan, framtíðarsýn

Almennar umræður urðu um framtíð LAFÍ. Ákveðið var að (SÁS) ásamt (HP) og (BHÓ) skoði málið og geri drög sem verði svo tekin til umfjöllunar á næsta stjórnarfund.

8. Önnur mál

Langt var liðið á kvöld og því voru litlar umræður undir þessum lið. Næsti fundur ekki ákveðinn, en boðað verður til hans með tölvupósti

Fundi slitið kl: 19:40

Helgi Pétursson fundarritari